

**ENDURBYGGING SKÍÐADALSVEGAR,
SKÁLDALÆKUR-BRAUTARHÓLL, HOFSA-YTRA
HVARF, DALVÍKURBYGGÐ**

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging Skíðadalsvegur á milli Skáldalækjar og Brautarhóls og milli Hofsa og Ytra-Hvarfs, Dalvíkurbyggð, sé ekki líkleg til þess að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Dalvíkurbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Jafnframt þarf leyfi Umhverfisstofnunar til að leggja veginn innan Friðlandsins í Svarfaðardal. Aðalskipulagsstillaga Dalvíkurbyggðar er í auglýsingu, hafi hún ekki hlotið staðfestingu þegar framkvæmdaleyfis er óskað, þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er veitt sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynntar hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. júlí 2009.

22. júní 2009

INNGANGUR

Þann 27. apríl 2009 tilkynnti Vegagerðin vegaf framkvæmd á tveimur köflum Skíðadalsvegur í Dalvíkurbyggð (Skáldalækur-Brautarhóll, Hofsá-Ytra-Hvarf) til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Dalvíkurbyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Mílu ehf., RARIK, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Dalvíkurbyggð með bréfi dags. 9. júní 2009, Fornleifaverndar ríkisins með bréfi dags. 5. júní 2009, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra með bréfi dags. 22. maí 2009, Mílu ehf. með bréfi dags. 22. maí 2009, Skógræktar ríkisins með bréfi dags. 19. maí 2009 og Umhverfisstofnunar með bréfi dags. 25. maí 2009. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 25. maí og 22. júní 2009

Engin umsögn barst frá RARIK.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða endurbyggingu vegar á tveimur köflum Skíðadalsvegur í Dalvíkurbyggð, frá nyrðri útboðsenda við Skáldalæk að syðri útboðsenda við Brautarhól, og frá nyrðri útboðsenda við Hofsá að syðri útboðsenda við Ytra-Hvarf. Vegurinn verði gerður samkvæmt vegtegund C2 (6,5 m breiður, 6,3 m breitt bundið slitlag og hönnunarhraði er 80-90 km/klst). Hæðarlega og planlega vegarinn verði betri en á núverandi vegi og öryggi vegfarenda meira. Gera þurfi að hluta nýjar vegtengingar að Skeggstöðum (120 m að lengd) og Hofsárkoti (210 m að lengd), sem flokkist sem héraðsvegir að framkvæmdum loknum. Aðrar tengingar að býlum verði aðlagðar legu endurbyggðs vegar og einnig tenging að Vallarkirkju, vatnsveituvegi, túnnum og skógræktarreitum. Einnig verði lagður 2,5 m breiður reiðvegur austan megin vegar milli Skáldalækjar og Brautarhóls og Hofsár og Ytra-Hvarfs. Reiðvegurinn verði með 30 cm styrkingarlagi og 5 cm malarslitlagi. Ræsum í núverandi vegi verði skipt út fyrir ný.

Fram kemur að áætlað sé að 130.000 þús m³ af efni þurfi í verkið. Gert sé ráð fyrir að 30.000 m³ af efni komi úr vegskeringum, sem nýtt verði í fyllingar og/eða fláafleyga, en auk þess komi efni úr 5 opnum námum sem staðsettar séu við Skíðadalsveg og verði nýtt í neðra burðarlag og fyllingu. Áætlað sé að taka 3.000 m³ úr námu í landi Sökku, 35.000 m³ úr námu í landi Uppsala, 3.000 m³ úr námu í landi Hofsár, 12.000 m³ úr námu í landi Ytra-Hvarfs og 25.000 m³ úr námu sem sé 200 m sunnan við útboðsenda við Ytra-Hvarf. Þá sé gert ráð fyrir að verktaki útvegi efni í efra burðarlag og klæðingu og efnið komi úr námum með tilskilin leyfi. Að efnistöku lokinni verði námunum lokað og gengið frá þeim í samráði við landeigendur.

Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir fari fram í jaðri Friðlandsins í Svarfaðardal á 1,8 km kafla, milli bæjanna Skáldalækjar og Brautarhóls. Þá verði framkvæmdirnar á stuttum kafla innan fjarsvæði vatnsverndarsvæðis Dalvíkurbyggðar (u.þ.b. milli Hofsárkots og Ytra-Hvarfs), þar af í jaðri grannsvæðis vatnsverndarinnar á 1,1 km kafla.

Fram kemur að framkvæmdir við Skíðadalsveg hafi verið á vegaáætlun árið 2009. Ekki liggi fyrir hvenær framkvæmdir geti hafist, en gert sé ráð fyrir að vegagerðin verði í tveimur hlutum. Fram kemur að tilgangur framkvæmdanna sé að bæta vegasamgöngur í Svarfaðardal og auka umferðaröryggi.

Áhrif á samgöngur. Fram kemur að búast megi við að umferð um svæðið tefjist meðan á framkvæmdum standi. Á framkvæmdatíma aukist hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar stórra vinnuvéla. Þegar framkvæmdum ljúki verði samgöngur öruggari en nú, því vegurinn verði breiður og bundinn slitlagi og hæðarlega vegarins betri en á núverandi vegi. Vegna bundins slitlags muni rykmengun minnka miðað við núverandi ástand.

Áhrif á mannlíf og útivist. Fram kemur að á framkvæmdatíma muni umferð um svæðið truflast vegna umferðar þungra vinnuvéla og vegfarendur um Skíðadalsveg munu verða varir við hávaða og ryk vegna framkvæmdanna. Auk þess muni ryk og hávaði líklega hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum á framkvæmdatíma. Að loknum framkvæmdum muni koma fram jákvæð áhrif á mannlíf með aukningu ferðamanna og vegna öruggari og betri vegar með bundnu slitlagi og jafnframt muni reiðvegur meðfram veginum auka umferð hestamanna.

Áhrif á landnotkun. Í gögnum kemur fram að núverandi vegur liggi að mestu meðfram túnum og beitolöndum nokkurra bújarða. Neðan vegarins sé víðuáttumikið votlendissvæði, á milli Skáldalækjar og Brautarhóls og vatnsverndarsvæði í landi Ytra-Hvarfs. Einnig séu gróskumikil skógræktarsvæði neðan vegarins í landi Hánefsstaða (Hánefsstaðaskógur) og í landi Hofsár (Hofsárreitur). Þá séu frístundahús við Skeggstaði í landi Hofsárkots og á Völlum sé kirkja. Opnar námur séu neðan núverandi vegar í landi Sökku, Valla, Hofsár og Ytra-Hvarfs. Loks séu margvíslegar lagnir innan áhrifsvæðis framkvæmdanna: hitaveitulögn þveri framkvæmdasvæðið nálægt st. 3170, jarðsími þveri veginn á 8 stöðum, rafstengur liggi í jörð skammt austan megin vegar og háspennulínur þveri framkvæmdasvæðið nálægt st. 4040 og milli st. 1120-1320. Aður en framkvæmdir hefjist verði kannað hvort fleiri lagnir liggi undir eða við veginn. Þar sem girðingum verði raskað verði girt aftur að framkvæmdum loknum í samráði við landeigendur.

Fram kemur að nýjar heimreiðar við Skeggstaði og Hofsárkot muni skera tún og hafa neikvæð áhrif á landnotkun þar. Þá muni endurbygging vegarins hafa áhrif á landnotkun á þeim stöðum sem hann víki út af núverandi vegi vegna lagfæringar á planlegu. Um óveruleg áhrif verði þó að ræða þar sem vegurinn muni liggja í jaðri túna og ekki hafa hindrunaráhrif.

Áhrif á vatnsverndarsvæði. Fram kemur að fyrirhuguð vegafarmkvæmd liggi í jaðri grannsvæðis vatnsból Dalvíkurbyggðar á um 1,1 km kafla, milli Hofsárkots og Ytra-Hvarfs. Vegarkaflinn verði þó að mestu á fjarsvæði vatnsverndarsvæðisins nema á tveimur örstuttum köflum þar sem fyllingar endurbyggðs vegar nái inn á grannsvæði þess. Vatnsból séu staðsett þar sem grunnvatnsmagn sé mikið og lítil hætta sé á mengun.

Fram kemur að á vatnsverndarsvæði verði gætt sérstakrar varúðar við meðferð olíufna í samræmi við reglugerð nr. 797/1999. Gerð verði krafa um að vinnuvélum sé vel við haldið og þeim sem ekki séu í notkun verði komið fyrir á svæði með olíuheldu undirlagi eða þær færðar út fyrir vatnsverndarsvæðið. Verði vart við olíuleka verði gripið til tilskilinna ráðstafana og samband haft við viðeigandi yfirvöld. Fram kemur að ef verktaki setji upp vinnubúðir, verði það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, landeigendur og Vegagerðina. Haft verði

samráð við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra um frekari tilhögun framkvæmdanna. Telur Vegagerðin að framkvæmdirnar muni hafa óveruleg áhrif á vatnsverndarsvæðið í Svarfaðardal.

Áhrif á náttúruminjar. Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði verði í jaðri Friðlands Svarfdæla á um 1,8 km löngum kafla, milli Skáldalækjar og Brautarhóls (st.1460-3240). Friðlandið taki yfir votlendi beggja vegna Svarfaðardalsár neðan frá sjó fram að Húsabakkaskóla. Þar skiptist á þurrir árbakkar, blautar mýrar, stararflóar, síki og gróðursælar seftjarnir og svæðið sé kjörlendi fyrir fjölmargar fuglategundir sem eiga þar varplönd. Reglur friðlandsins banna m.a. breytingar á landslagi eða farvegi Svarfaðardalsár og gerð mannvirkja (byggingar, skurðir og vegir) og varast beri að skerða gróður á friðlandinu.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að vegagerðin muni að mestu leyti verða innan núverandi vegstæðis og á svæði sem hafi þegar verið raskað með búfjárbæit og túnræktun. Reynt verði að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki hafðar ófrágengnar lengur en nauðsyn krefji. Öllum lífrænum jarðvegi verði ýtt ofan af yfirborði skeringa og hann geymdur. Að framkvæmdum loknum verði hann nýttur við frágang og jafnframt sáð í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Ef raska þurfi skógræktarreitum á Hánefsstöðum og Hofsá verði það gert í samráði við landeigendur og til mótvægis ræktaður upp jafn stór skógur og sá sem raskist. Skepnuheldar girðingar, sem raskist verði lagfærðar í samráði við landeigendur.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði óveruleg. Áhrif á gróðurfar verði mest vegna lagningu nýrra heimreiða að Skeggstöðum og Hofsárkoti. Fram kemur að framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á fugla en þau verði óveruleg.

Áhrif á jarðmyndanir. Í gögnum kemur fram að núverandi vegur liggja að mestu eftir sethjöllum, fornum dalryllum (straumvatnaset), en á einum stað yfir skriðukeilu/aurkeilu. Gert sé ráð fyrir að jarðmyndanir verði ekki fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna, þar sem verið sé að styrkja og endurbyggja núverandi veg. Efnistaka muni að mestu verða í ófrágengnum námum, sem þegar hafi verið nýttar til efnistöku. Jarðmyndanirnar, sem efnid verði tekið úr séu algengar á svæðisvísu og landsvísu. Lagning vegarins og efnistaka henni tengd muni hafa lítil áhrif á jarðmyndanir.

Áhrif á landslag. Fram kemur í tilkynningu að frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé útsýni yfir flatlendi neðan vegarins og hlíðar í vestanverðum Svarfaðardal. Landslag svæðisins sé menningarlandslag og beri sterk einkenni af landbúnaði. Landslaginu hafi þegar verið raskað með núverandi vegi, námuvinnslu og búskap.

Fram kemur að við lok fyrirhugaðra framkvæmda verði gengið þannig frá vegstæði að vegurinn falli vel að landi og landslagsmynd svæðisins muni lítið breytast. Frágangi á vegskeringum og námum verði hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Brúnir vegskeringa verði lagaðir að landinu í kring og námur sléttaðar í samræmi við landslag og halla umhverfis. Gert sé ráð fyrir að röskuð svæði verði fljót að gróa upp og lítil áhrif verði á landslag svæðisins, bæði þar sem vegurinn liggur og á námusvæðum.

Áhrif á fornleifar. Fram kemur að gerð hafi verið fornleifaskráning í Dalvíkurbyggð. Samkvæmt skráningunni verði 13 fornleifar innan 100 m frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Eftir sé að meta hvaða hætta fornleifum stafi af

fyrirhuguðum framkvæmdum og hvort þörf verði á mótvægisáðgerðum til að draga úr áhrifum vegagerðarinnar á fornleifar. Fram kemur að þekktar fornminjar, sem staðsettar séu innan 100 m frá veglínu, verði merktar áður en framkvæmdir hefjist með veifum eða þær girtar af með litaborðum.

Samræmi við skipulag. Fram kemur að samkvæmt svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 skuli allir tengivegir byggðir upp og lagðir bundnu slitlagi. Ekki sé til samþykkt aðalskipulag af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en tillaga að aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 hafi verið auglýst til umsagnar. Í greinargerð með tillögunni komi fram að framkvæmdir á tveimur köflum Skíðadalsvegar séu á vegáætlun 2007-2010. Jafnframt geri tillaga að aðalskipulagi ráð fyrir reiðleið austan Skíðadalsvegar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Dalvíkurbyggð, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Míla ehf., Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnun telja framkvæmdina ekki líklega til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli hún því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fornleifavernd ríkisins telur að m.t.t. ábendinga stofnunarinnar skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á friðland. Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin verði innan Friðlands í Svarfaðardal, sem nemi breikkun vegarins. Umfjöllun um efnistöku í kynningargögnum sé ómarkviss en m.a. sé fyrirhugað að taka efni úr gamalli námu innan friðlands í landi Sökku, en efnistaka þar sé heimil skv. gildandi reglum um friðlandið. Bent er á að óheimilt sé að gera mannvirki á svæðinu, m.a. skurði og vegi og þurfi leyfi Umhverfisstofnunar til undanþágu frá þeim reglum.

Áhrif á vatnsvernd. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra bendir á að við framkvæmdir sé mikilvægt að lágmarka áhættu á mengun vegna vinnuvéla, úrgangs og spilliefna og hætta á jarvegsfoki vegna framkvæmda verði í lágmarki. Jafnframt að hávaði verði undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða.

Umhverfisstofnun telur að vinnubrögð sem Vegagerðin kynni varðandi framkvæmdir á grannsvæði vatnsbóls séu jákvæð.

Áhrif á landnotkun. Skógrækt ríkisins bendir á að núverandi vegur liggja við jaðar Hánefsstaðaskógar á um 300 metra kafla. Nýr vegur og umferð um hann, kunni að hafa neikvæð áhrif á skóginn til framtíðar og líklegt sé að skógurinn valdi því að snjór safnist þar fyrir á veginum. Skógrækt ríkisins bendir á að skógurinn sé fjölsótt útivistarsvæði í Friðlandi Svarfaðardals og mælist til að tekið verði mið af því við hönnun vegarins og að haft verði samráð við Skógræktarfélag Eyfirðinga um gerð bílastæðis til að tryggja umferðaröryggi við skóginn.

Míla ehf. bendir á að fjarskiptalagnir liggja meðfram hluta vegarins á milli Skáldalækjar og Brautarhóls og einnig liggja fjarskiptalagnir þvert á veginn. Fjarskiptalagnir liggja einnig meðfram öllum veginum milli Hofsfár og Ytra-Hvarfs og þar liggja fjarskiptalagnir þvert á veginn. Líklegt sé að breyta verði legu lagna þar sem skeringar eða leggja nýjar lagnir að hluta. Óskar Míla eftir að Vegagerðin hafi samráð við félagið þegar hönnun framkvæmda hefjist.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að haft verði samráð við Mílu ehf. áður en verkið verði boðið út.

Áhrif á fornleifar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins er bent á að við fornleifaskráningu sé oftast miðað við staðsetningu í miðju fornleifa, en ekki útmörk þeirra. Viðmið Vegagerðarinnar um 100 metra fjarlægð framkvæmdasvæðis frá fornleifum gefi því til kynna fjarlægð frá miðju fornleifa að útmörkum framkvæmdasvæðis, en ekki milli útmarka fornleifa og framkvæmdasvæðis. Með hliðsjón af þessu hafi Minjavörður Norðurlands eystra skoðaði skráðar minjar á svæðinu sem leitt hafi í ljós að nokkrar fornleifar verði í hættu vegna framkvæmdanna. **Stekkjartóft (Ey-178:014)** sé um 25 metra frá núverandi vegarbrún og muni líklega lenda undir fyrirhugaðri fyllingu vegarins. Tóftirnar þurfi að mæla upp og aldursgreina og kanna þurfi hvort eldri mannvirki leynist undir tóftunum. **Kringlugerði (Ey-168:10)**, þar sem heimild sé um býli, hafi engin ummerki á yfirborði. Taka þurfi jarðveg ofan af því svæði sem raskað verði vegna framkvæmdanna að viðbættum 2 metrum út frá mörkum framkvæmdasvæðis. Ef þar finnist minjar þurfi að rannsaka þær frekar. **Usla (Ey-167:007)**, þar sem heimild sé um gamla rétt eða náthlag, sé rétt við núverandi veg. Taka þurfi jarðveg ofan af því svæði sem raskað verði vegna framkvæmdanna að viðbættum 2 metrum út frá mörkum framkvæmdasvæðis. Ef þar finnist minjar þurfi að rannsaka þær frekar. **Kuml legstaður (Ey-165:022) og túngarður (Ey-165:023)**. Þegar núverandi vegur var lagður hafi komið í ljós hrossa- og mannabein og gripir. Við rannsókn hafi fundist tvö kuml, en þau kunni að vera fleiri. Ekkert sjáist nú til túngarðsins né kumlsins og óvissa ríki um staðsetningu fornleifanna. Taka þurfi jarðveg ofan af því svæði sem raskað verði vegna framkvæmdanna að viðbættum 2 metrum út frá mörkum framkvæmdasvæðis. Komi minjar í ljós þurfi hugsanlega, vegna óvissu um staðsetningu, að stækka rannsóknarsvæðið.

Minjavörður bendir á að Fornleifavernd ríkisins áskilji sér rétt til að endurskoða ofangreindar aðgerðir komi frekari upplýsingar fram um framkvæmdina eða minjastaðina. Einnig sé gert ráð fyrir að frekari útfærsla á rannsóknunum verði gerð í samráði við Minjavörð Norðurlands eystra. Þá minnir Fornleifavernd ríkisins á að samkvæmt þjóðminjalögum sé skylt að stöðva framkvæmdir og láta Fornleifavernd ríkisins vita, finnist fornleifar við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að áður en framkvæmdir hefjist muni Vegagerðin láta gera rannsóknir á þeim fornleifum sem tilgreindar séu í umsögn Fornleifaverndar ríkisins og viðræður við fornleifafræðinga séu hafnar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbyggingu vegar á tveimur köflum Skíðadalsvegar í Dalvíkurbyggð (samtals 6,5 km), milli bæjanna Skáldalækjar og Brautarhóls, annars vegar og árinna Hofsá og bæjarins Ytra Hvarfs, hins vegar. Vegurinn verður samkvæmt kröfum um vegtegund C2 Vegagerðarinnar. Endurbæta þarf vegtengingu að bænum Skeggjastöðum og Hofsárkoti, en aðrar vegtengingar verða aðlagðar endurbyggðum vegi. Ræsi í núverandi vegi verða endurnýjuð og meðfram veginum verður lagður reiðvegur.

Áætlað er að 130.000 þús m³ af efni þurfi í verkið, sem komi úr vegskeringum (30.000 m³) og fimm námum við Skíðadalsveg (samtals 78.000 m³), en 22.000 m³ útvegi verktaki. Að efnistöku lokinni verður námum lokað og frá þeim gengið.

Framkvæmdirnar verða í jaðri Friðlandsins í Svarfaðardal á 1,8 km kafla, milli bæjanna Skáldalækjar og Brautarhóls og á stuttum kafla innan fjarsvæðis

vatnsverndarsvæðis Dalvíkurbyggðar (u.þ.b. milli Hofsárkots og Ytra-Hvarfs), þar af í jaðri grannsvæðis vatnsverndarinnar á 1,1 km kafla.

Gert er ráð fyrir að vegagerðin verði unnin í tveimur áföngum, en ekki liggur fyrir hvenær framkvæmdir hefjast. Tilgangur framkvæmdanna er að bæta vegasamgöngur í Svarfaðardal og auka umferðaröryggi.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði einkum á fornleifar, þar sem skráðar fornleifar eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eða námunda við það. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins um að rannsaka þurfi þekktar fornleifar, sem raskað verður við framkvæmdirnar og það verði gert áður en framkvæmdir hefjast. Skipulagsstofnun tekur einnig undir það að fullt samráð verði haft við Minjavörð Norðurlands eystra í tengslum við framkvæmdirnar.

Fyrir liggur að landslagi svæðisins hefur þegar verið raskað með lagningu núverandi vegar og gengið verður frá gömlum námum sem nota á til efnistöku, samkvæmt verklagi Vegagerðarinnar. Skipulagsstofnun telur að með vönduðum frágangi á vegskerium og námum að framkvæmdum loknum, muni landslagsmynd svæðisins lítið breytast frá því sem nú er.

Fyrir liggur að Vegagerðin ætlar að hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra varðandi tilhögun framkvæmda innan vatnsverndarsvæðis Dalvíkurbyggðar. Skipulagsstofnun telur að með þeim ráðstöfunum sem Vegagerðin kynnir, verði neikvæð áhrif framkvæmdanna á vatnsgæði óveruleg.

Fyrirhuguð framkvæmd verður í jaðri Friðlands í Svarfaðardal og að hluta til innan þess, sem nemur breikkun vegarins. Einnig liggur fyrir að heimild er fyrir efnistöku úr námu innan friðlandsins, sem taka á efni úr til vegagerðarinnar. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á Friðland í Svarfaðardal verði óveruleg. Skipulagsstofnun tekur undir með Skógrækt ríkisins um að hönnun vegarins taki tillit til þess að Hánefsstaðaskógur er fjölsótt útivistarsvæði innan friðlandsins. Einnig að haft verði samráð við Skógræktarfélag Eyfirðinga um gerð bílastæðis við Hánefsstaðaskóg til að tryggja öryggi umferðar við skóginn.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging Skíðadalavegar á milli Skáldalækjar og Brautarhóls og milli Hofsár og Ytra-Hvarfs, Dalvíkurbyggð, sé ekki líkleg til þess að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Dalvíkurbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Jafnframt þarf leyfi Umhverfisstofnunar til að leggja vegin innan Friðlandsins í Svarfaðardal. Aðalskipulagsstillaga Dalvíkurbyggðar er í auglýsingu, hafi hún ekki hlotið staðfestingu þegar framkvæmdaleyfis er óskað, þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er veitt sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynntar hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. júlí 2009.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson

